

## Stjórnarfundur no 6, 2013/2014

Ár 2014 fimmtudaginn 9. janúar komu undirritaðir stjórnarmenn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 19.00.  
Formaður LÍV Guðbrandur Einarsson sat fundinn sem gestur.  
Formaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Sjúkrahúsinu á Akureyri dags. í nóvember 2013 og stjórnarmönnum var kynnt þá með tölvupósti.

Í bréfinu er leitað til velunnara FSA um kaup á nýjum sjúkrarúmum legudeilda. Stefáni Gunnlaugssyni sem hefur umsjón með verkefninu hefur verið tjáð að FVSA muni koma að málinu.

Samþykkt að leggja til við aðalfund að FVSA kaupi eitt rúm, upphæð allt að kr. 700.000.

2. Ákvörðun um leigu orlofshúsa og niðurgreiðsla gistimiða.

Samþykkt að hafa óbreytta leigu næsta tímabil. Einnig að niðurgreiðsla vegna gistimiða verði óbreytt.

Skrifstofunni falið að taka á leigu orlofshús í sumar eins og rætt var um á fundinum.

3. Ráðningarbréf endurskoðenda dags. 11. október 2013.

Ráðningarbréfið er frá Enor ehf en aðalfundur vísaði ákvörðun um lögiltan endurskoðanda fyrir félagið til stjórnar.

Formanni falið að undirrita bréfið.

4. Nýir kjarasamningar

Á almennum fundi síðar í kvöld mun formaður LÍV kynna nýja kjarasamninga sem undirritaðir voru 21. og 22. desember s.l. við SA og FA.

Rafræn atkvæðagreiðsla mun fara fram um samningana 15. til 20. janúar n.k.

Stjórnin samþykkir samninginn fyrir sitt leiti og hvetur til samþykktar hans.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson.